

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

400. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) á skrifstofu byggðasamlagsins miðvikudaginn 21.11.2018, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir, Bjarni Torfi Álfþórsson og Bjarki Bjarnason. Kolbrún Þorsteinsdóttir boðaði forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Níu mánaða rekstraryfirlit.

Framkvæmdastjóri kynnir 9 mánaða óendurskoðað rekstraruppgjör SORPU bs. Framkvæmdastjóri kynnir einnig samanburð rekstrar og áætlunar fyrir sama tímabil ásamt magntölum og heimsóknarfjölda. Rekstrarniðurstaða er jákvæð um 421,5 m.kr. að teknu tilliti til fjármagnsliða. Rekstrarniðurstaða endurvinnslustöðva eru gjöld umfram tekjur upp á 32,6 m.kr.

2. Metan á strætisvagna

Formaður og framkvæmdastjóri kynna umræður á fundi með stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Strætó um mögulega notkun Strætó á metani. Jafnframt greinir framkvæmdastjóri frá fundi með Veitum um hugsanlega metanleiðslu á athafnasvæði Strætó á Hesthálsi. Málið rætt. Framkvæmdastjóra og formanni falið að vinna áfram að málinu.

3. Bygging gas- og jarðgerðarstöðvar

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað um framvindu byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi. Málið rætt.

4. Umsagnir um áætlanir í loftslagsmálum og plastmálum

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir tvær umsagnir SORPU bs. um annars vegar áætlun í loftslagsmálum og plastmálum.
Líf Magneudóttir fór af fundi kl. 08:30.

5. Ný vinnuvél sem gengur alfarið fyrir rafmagni

Framkvæmdastjóri kynnir nýja vél í móttökustöð sem gengur eingöngu fyrir rafmagni – sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi

(Handwritten signatures and initials in blue ink)

6. Innri endurskoðun - kynning

Kynning á úttekt innri endurskoðanda á samspili eigendastefnu og stofnsamningi SORPU
bs. Málið rætt.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 14. desember kl. 12:00.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 09:55

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Þórir Jón Jónsson
Hjörtur Þorsteinsson
Jóna Guðdóttir
Bjarki Bjarnason
Bjarni Tólfur
Bjarni Hótel
Bjarni Hótel
Guðrún Eva Jóhannesdóttir
Guðrún Eva Jóhannesdóttir